



Alþingi

Erindi nr. P 140/1188

komudagur 24.2.2012

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Grindavík, 16. febrúar 2012
1202046 RR

Efni: Beiðni um umsögn frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Fjarskiptaáætlun 2011-2022.

Á 1282. fundi bæjarráðs Grindavíkurbæjar var tekið fyrir neðangreint erindi.

342. mál


**Beiðni um umsögn frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.
Fjarskiptaáætlun 2011-2022.**

Bæjarráð tekur undir þá framtíðarsýn sem fram kemur í áætluninni að miklir möguleikar séu fyrir hendi á uppbyggingu og rekstri gagnavera hérlendis. Slík starfsemi krefst afkastamikilla, öruggra og hagkvæmra gagnasambanda við umheiminn. Nú stendur til að leggja sæstreng milli Íslands og Norður-Ameríku sem muni taka land við Stað í Grindavík. Sú tenging mun styrkja samkeppnishæfni landsins.

Bæjarráð telur eðlilegt að fjarskiptayfirvöld horfi til þeirra möguleika sem eru á Reykjanesi í ljósi þeirrar orku og tengimöguleika sem eru á svæðinu. Til að svo megi verða er nauðsynlegt er að styrkja innviði enn frekar á svæðinu, svo sem með hringtengingu ljósleiðara.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Grindavíkurbæjar


Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri / GRINDAVÍK